

26. apríl 2018.

Fræðsluráð Hafnarfjarðar

MINNISBLAÐ – Þjónustusamningur við NÚ

Minnisblað þetta er tengt drögum að endurnýjun á þjónustusamningi við grunnskóla Framsýnnar menntunar þar sem eldri samningur rennur út eftir þetta skólaár.

Við gerð þjónustusamninga við einkaaðila um rekstur grunnskóla gildir í meginatriðum 43. grein laga um grunnskóla frá 2008, ásamt síðari breytingum, reglugerðir nr. 699 frá 2012, nr. 1270/2016 og nr. 838/2017.

Þessi drög byggja á fyrri samningi en eru einnig með smá breytingar og uppfærslur, bæði vegna sjónarmiða innan skrifstofu fræðslu- og frístundaþjónustunnar og einnig vegna breytinga á lögum um grunnskóla sem voru gerð árið 2016. Í breytingu á lögnum árið 2016 komu ítarlegri ákvæði en áður um þjónustusamning við sjálfstætt rekna skóla en áður. Ein stór breyting sem kom þar var að samningur sveitarfélags um rekstur grunnskóla við einkaaðila væri ekki háður 100. grein sveitarstjórnarlaga um gildistíma samninga sem sveitarfélög gera. Þess vegna er í drögnum ekki neinn endapunktur á samningnum. En á móti eru margs konar uppsagnarákvæði og endurskoðunarákvæði sem báðir aðilar geta nýtt sér hvenær sem er, þ.e. ýmis rift samningi eða endurskoðað hann ef annar samningsaðili vill breyta samningi. En megin röksemdin fyrir þessari breytingu er það sé óeðlilegt að samningar um grunnskólarekstur þurfi að taka mið af rekstraröryggi og því að geta gert skipulag til lengri tíma en nokkurra ára.

Í lögum um grunnskóla er kveðið á um að sérstakt samningsform skuli vera um rekstur grunnskóla við sjálfstætt rekna skóla. Ekki er um neitt slíkt opinbert samningsform svo erfitt er að átta sig á því nákvæmlega hvernig samningur um rekstur grunnskóla við einkaaðila skal nákvæmlega líta út. En það form sem þetta minnisblað tengist er tilraun til að nálgast verkefnið á ábyrgan hátt.

Inn í samninginn núna hefur verið bætt atriðum sem tengjast sameiginlegri forvarnafræðslu fyrir unglinga í bænum sem skulu einnig ná til nemenda í NÚ og sömuleiðis um félagsstarfsemi fyrir unglingana (félagsmiðstöð) og samstarf NÚ þar við félagsmiðstöðvar bæjarins. Í samningsdrögum er miðað við óbreyttan fjölda nemenda frá Hafnarfirði, þ.e. allt að 45 nemendur á skólaári.

Starfsemi NÚ hefur staðið yfir í tvö skólaár. Starfsemin er enn á mótunarstigi og óraunhæft að gefa mat á árangri skólans við núverandi stöðu.

Virðingarfyllst,



Vigfus Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla